

Foreldraráðsfundur þriðjudaginn 29. janúar

Mættar voru á Natura; Berglind, Arna Hrönn, Ásta, Rannveig Klara, Agnes Hildur og Sigurlaug.

1. Fræðslufyrirlestur fyrir foreldra í mars 2019

Rætt var hvaða fyrirlesari gæti trekkst að á fræðslukvöldinu fyrir foreldra sem ákveðið var að halda 19. mars kl. 20:00. Ræddar voru nokkrar hugmyndir og var ákveðið samhljóma að hafa fræðsluerindi um svefn. Arna Hrönn ætlar að kanna hvort að Erla Björnsdóttir sálfræðingur og svefnráðgjafi geti komið og haldið erindi fyrir foreldra. Við teljum þetta efni hafa mikið erindi til foreldra jafnt sem unglínganna okkar og var það einnig ákveðið að bjóða Versló að nýta sér þetta erindi í kennslustund í lífsleikni (aðlagað að nemendum). Umræða um svefn og mikilvægi hans hefur verið ríkjandi í þjóðfélaginu og því teljum við að þetta efni gæti slegið í gegn. Þegar þetta er komið á hreint verður talað við Gunningu.

Til að trekkja enn betur á viðburðinn var ákveðið að kanna hvort að Ari Eldjárn gæti komið og verið með 15 mínútna uppistand í lok kvöldsins. Rannveig Klara ætlar að hafa samband við hann og kanna hvort að hann komist þetta kvöld og hvað það kostar að fá hann.

Ákveðið var að bjóða uppá lágstemmdari veitingar. Vera með léttar veitingar þegar fólk mætir (kaffi, gos, sódavatn, ávexti, kex osfrv. - samt eitthvað lekkert! :)) og svo geta foreldrar spjallað eftir fræðsluerindið og Ara Eldjárn og átt góða stund saman.

2. Verslóball 7. febrúar

Staðsetning hefur ekki verið opinberuð en Nemó er með leyfi fyrir 1.500 manna balli. Ballið verður haldið frá 22-02 og það er spurning hvað við þurfum marga foreldra í gæslu? Silla ætlar að óska eftir foreldrum í gæslu á facebook um leið og staðsetning verður opinberuð. Kristín Ásta er svo með gæslulistann góða þar sem hægt er að hringja út foreldra ef þess gerist þörf.

Varðandi vinninga í edrúpottinn þá er spurning um að við höldum okkur við 4 x 15.000 kr. gjafakort per árang - samtals 12 gjafakort?

3. Önnur mál

85% foreldra hafa greitt greiðsluseðilinn sem var sendur í heimabankann frá Foreldrafélaginu í nóvember sl. sem telst nokkuð gott. Takmarkið er samt að komast uppí 90% og Silla mun pósta frétt um þetta á facebook og vonandi taka þá einhverjir foreldrar við sér og greiða seðilinn í heimabankanum.

Staðan á reikning félagsins er 1.900.000 kr. Félagið stendur því mjög vel og veitir þessi góða staða félaginu aukið svigrúm til að styðja við ýmis verkefni á vegum t.d námsráðgjafa, kennara eða Nemendafélagi skólans.

Sigurlaug ætlar að senda Kristínu Huld og Berglindi Helgu námsráðgjöfum póst og kanna með hvort að skannar séu í lagi fyrir næsta verslóball til að koma í veg fyrir of langa röð fyrir utan ballið. Er í lagi með skannana eða þarf að kaupa nýja og getur foreldrafélagið styrkt þau kaup?

Sigurlaug ætlar að hafa samband við Nemó og kanna með hvað margir miðar eru í boði fyrir nemendur versló á ballið þann 7. febrúar og hve margir verða seldir öðrum unglíngum. Hver er tímaraminn að kaupa miða fyrir nemendur versló? Hvaða reglur gilda?

Fundi var slitið 21:15.

Sigurlaug Gissurardóttir